

## 1993 nr. 8 25. febrúar

### Samkeppnislög

#### I. kafli. Markmið og gildissvið laganna.

■ **1. gr.** Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðslupáttá þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal náð með því að:

a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,

b. vinna gegn óréttmaetum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,

c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

■ **2. gr.** Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til pess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

□ Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.

■ **3. gr.** Lög þessi taka til samninga, skilmála og athafna sem hafa eða ætlað er að hafa áhrif hér á landi.

□ Lögin taka ekki til samninga, skilmála og athafna sem aðeins er ætlað að hafa áhrif utan Íslands, sbr. þó ákvæði XI. kafla og reglur um viðskipti á sameiginlegum markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Samkeppnisstofnun skal aðstoða við framkvæmd samkeppnisreglna annarra ríkja og alþjóðastofnana í samræmi við gagnkvæmar skuldbindingar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

#### II. kafli. Orðskýringar.

■ **4. gr.** Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Atvinnurekstur er hvers konar atvinnustarfsemi, óháð formi eignarhalds og án tillits til þeirrar vörur, þjónustu eða réttinda sem verslað eða sýslað er með gegn endurgjaldi.

Fyrirtæki er einstaklingur, félag, opinberir aðilar og aðrir sem stunda atvinnurekstur.

Fyrirtækjasamstæða er samband fyrirtækja með þannig eignauppgöggingu að eitt fyrirtæki á svo stóran hlut í öðru fyrirtæki eða fleiri fyrirtækjum að það fer með meiri hluta atkvæða. Það fyrirtæki skoðast því sem móðurfyrirtæki, en hitt eða hin fyrirtækin sem dótturfyrirtæki. Til fyrirtækjasamstæðu telst einnig fyrirtæki þar sem móðurfyrirtæki og dótturfyrirtæki eða eitt eða fleiri dótturfyrirtæki eiga saman svo morg hlutabréf eða hluti að þau fara með meiri hluta atkvæða í þeim.

Markaðsráðandi staða er þegar fyrirtæki hefur þann efnalegslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starf-að án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Markaður er sölusvæði vörur og staðengdarvörur og/eða sölusvæði þjónustu og staðengdarþjónustu. Staðengdarvara og staðengdarþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti getur komið í stað annarrar.

Neytandi er einstaklingur sem kaupir vörur eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni.

[Samruni samkvæmt lögum þessum telst hafa átt sér stað þegar:

a. tvö eða fleiri fyrirtæki, sem áður störfuðu sjálfstætt, sameinast,

b. fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki,

c. eigendur með yfírráð í einu eða fleiri fyrirtækjum ná beinum eða óbeinum yfírráðum í einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar eða

d. fyrirtæki stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varir til frambúðar sem sjálfstæð efnahagseining og veldur því ekki að aðilar sem hlut eiga að máli samræmi samkeppni sín á milli eða milli sín og hins sameiginlega verkefnis.]<sup>1)</sup>

Sölustig framleiðslu ber að líta á sem eitt sölustig, heild-sölu annað sölustig, smásölu hið þriðja o.s.frv.

Þjónusta er hvers konar fyrirgreiðsla, vinna eða þjónusta gegn endurgjaldi, nema launuð vinna í þjónustu annarra.

Vara er samkvæmt lögum þessum fasteignir og lausafé, þar með talin skip, loftfór, lofttegundir, rafmagn og aðrir orku-gjafar.

Verð er andvirði vörur og þjónustu, þ.e. hvers konar endurgreiðsla án tillits til þess hvort notað er annað heiti, svo sem endurgjald, laun, þóknun, frakt, flutningsgjald, taxti, leiga eða því um líkt.

...<sup>1)</sup>

[Yfírráð samkvæmt lögum þessum eru yfírráð sem gera aðila kleift að hafa afgerandi áhrif á rekstur og stjórnun fyrirtækis, annaðhvort sér í lagi eða sameiginlega með öðrum, hvort sem þau áhrif eru til komin vegna þess að hann getur:

a. haft áhrif á skipun stjórnar, atkvæðagreiðslu eða ákvárdanir fyrirtækisins eða

b. notað eða ráðstafað eignum eða hluta eigna fyrirtækis.]<sup>1)</sup>

□ Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtök þessi sker samkeppnisráð úr þeim ágreiningi.

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 1. gr.

#### III. kafli. Stjórnsýsla.

■ **5. gr.** Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara en í umboði hans annast samkeppnisráð, Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd samkeppnismála daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til.

□ Hlutverk samkeppnisráðs er sem hér segir:

a. að framfylgja boðum og bönnum laga þessara og leyfa undanþágur samkvæmt þeim,

b. að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmatum viðskiptaháttum,

c. að stuðla að auknu gagnsæi markaðarins,

d. að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisáðila að markaði,

[E. að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl á milli fyrirtækja. Skal þetta gert m.a. í því skyni að meta hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna einkenni hringamyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geta samkeppni.]<sup>1)</sup>

□ [Við afgreiðslu málá samkvæmt lögum þessum er samkeppnisráði heimilt að raða málum í forgangsröð.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 2. gr.

■ **6. gr.** [Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins og skal þess gætt að þeir hafi ekki beinna og verulegra hagsmunu að gæta í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmæðferð.]<sup>1)</sup>

□ Skipunartími samkeppnisráðs er fjögur ár í senn.<sup>2)</sup> Láttist aðal- eða varamaður í ráðinu eða forfallist varanlega skal skipa nýjan mann til loka skipunartíma ráðsins.

□ Nú er aðalmaður vanhæfur til meðferðar einstaks málssökum tengsla við málsaðila og tekur varamaður þá sæti hans. Sé þess ekki kostur getur ráðherra að ósk formanns samkeppnisráðs skipað mann í ráðið til að taka þátt í umfjöllun þess um málid.

<sup>1)</sup> L. 24/1994, 1. gr. Rg. 672/1994. <sup>2)</sup> Sjá þó brábkv. í l. 24/1994 í Stjóð. A 1994, bls. 32.

■ **7. gr.** Samkeppnisráði til ráðgjafar er fastaneftnd, skipuð þremur mönum.

□ Nefnist hún auglýsinganeftnd og skal fjalla um auglýsingar og gæta þess að þær veiti ekki rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar og brjóti ekki að öðru leyti í bága við ákvæði 21. og 22. gr. laga þessara.

□ Nefndin skal skipuð af ráðherra og skal formaður og varamaður hans vera úr hópi aðal- og varamanna í samkeppnisráði samkvæmt ákvörðun ráðsins. Aðra nefndarmenn og varamenn þeirra skipar ráðherra að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila er hlut eiga að mál, þar með talin samtök neytenda. Skipunartími nefndarmanna fellur niður um leið og skipunartíma samkeppnisráðs lýkur.

□ Ráðherra setur nánari starfsreglugr fyrir nefndina og gerir hún tillögur um afgreiðslu mála til samkeppnisráðs.

■ **8. gr.** Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Stofnuninni er jafnframt heimilt að taka ákværðanir til bráðabirgða um einstök mál. Skulu slíkar ákværðanir lagðar fyrir samkeppnisráð á næsta fundi ráðsins og skal ráðið taka afsötuðu til ákvörðunarinnar innan sex vikna ella fellur hún úr gildi. Samkeppnisráð getur falið Samkeppnisstofnun ákvörðunarvald sitt á fmörkuðum svíðum samkvæmt nánari reglum sem ráðið setur.<sup>1)</sup>

□ Ráðherra skipar forstjóra Samkeppnisstofnunar til [fimm]<sup>2)</sup> ára að fenginni umsögn samkeppnisráðs og stjórnar hann rekstri hennar. Forstjóri eða staðgengill hans sitja fundi samkeppnisráðs með málfrelsi og tillögurétti.

<sup>1)</sup> Rg. 672/1994. <sup>2)</sup> L. 83/1997, 159. gr.

■ **9. gr.** [Ákværðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarfnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila málss var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarfnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskotu.]<sup>1)</sup>

□ Í áfrýjunarfnefnd samkeppnismála sitja þrír menn og jafnmargir til vara, skipaðir af ráðherra eftir tilnefningu Hæstaréttar. Formaður og varamaður hans, sem jafnframt er varaformaður, skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara, en aðrir nefndarmenn skulu hafa faglega kunnáttu á svíði samkeppnis- og viðskiptamála.

□ Skipunartími áfrýjunarfnefndar er hinn sami og skipunartími samkeppnisráðs.

<sup>1)</sup> L. 24/1994, 2. gr.

#### IV. kafli. Bann við samkeppnishömlum.

■ **10. gr.** [Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstillaðar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.

□ Bann þetta tekur m.a. til samninga, samþykktu og samstilltra aðgerða sem:

a. áhrif hafa á verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti,

b. takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tæknipróun eða fjárfestingu,

c. skipta mörkuðum eða birgðalindum,

d. mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,

e. setja sem skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 3. gr.

■ **11. gr.** [Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.

□ Misnotkun skv. 1. mgr. getur m.a. falist í því að:

a. beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,

b. settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tæknipróun, neytendum til tjóns,

c. viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,

d. sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 4. gr.

■ **12. gr.** Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákværðanir skv. 17.–19. gr.

□ Bann þetta nær einnig til stjórnarmanna samtaka, starfsmanna þeirra og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágú samtakanna.

■ **13. gr.** [Samningar milli fyrirtækja falla ekki undir bann skv. 10. gr. ef samanlögð markaðshlutdeild allra samstarfsfyrirtækja fer ekki á neinum markaði sem skiptir málí yfir:

a. 5% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er milli fyrirtækja sem starfa á sama framleiðslu- eða sölustigi (lóðréttur samningur),

b. 10% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er á milli fyrirtækja sem starfa á mismunandi framleiðslu- eða sölustigi (lóðréttur samningur).

□ Ef um samblund af lóðréttum og lóðréttum samningum er að ræða eða ef erfitt er að flokka samning annaðhvort sem láréttan eða lóðréttan gilda 5% viðmiðunarmörkin.

□ Samningar skv. 1. mgr. falla ekki undir bann skv. 10. gr. þrátt fyrir að markaðshlutdeild fari upp fyrir viðmiðunarmörk skv. 1. mgr. ef hlutdeildin fer ekki upp fyrir 5,5% í lóðréttum samningum eða 11% í lóðréttum samningum tvö fírhagsár í röð.

□ Samstarfsfyrirtæki skv. 1. mgr. eru fyrirtæki sem eiga aðild að samningnum, fyrirtæki sem aðilar sammingsins hafa bein eða óbein yfirráð yfir eða fyrirtæki sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir aðilum sammingsins.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um samstillaðar aðgerðir skv. 10. gr. og ákværðanir samtaka fyrirtækja skv. 12. gr.

□ Ákvæði þessarar greinar gilda ekki ef samkeppni á við-

komandi markaði er takmörkuð af uppsöfnuðum áhrifum sambærilegra samninga á markaðnum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 5. gr.

■ **14. gr. . . .<sup>1)</sup>**

□ Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 6. gr.

■ **15. gr. . . .<sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 7. gr.

■ **16. gr.** [Samkeppnisráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. Skilyrði slískrar undanþágu eru að samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr.:

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vörum eða þjónustu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir,
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
- d. veiti fyrirtækjunum ekki færri að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

□ Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágu. Samkeppnisráð getur krafist þess að umsóknir um undanþágu skv. 1. mgr. verði settar fram á sérstökum eyðublaði.

□ Samkeppnisráð getur dregið undanþágu til baka eða breytt skilyrðum hennar ef:

- a. forsendur sem lágu til grundvallar undanþágunni hafa breyst,
- b. undanþágan hefur verið veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga eða
- c. fyrirtæki brýtur þau skilyrði sem sett voru fyrir undanþágunni.

□ Samkeppnisráð setur reglur þar sem tilteknum tegundum samninga sem uppfylla skilyrði 1. mgr. er veitt undanþága frá ákvæðum 10. og 12. gr. (hópundanþága).]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 8. gr.

**V. kaffli. Eftirlit með samkeppnishömlum.**

■ **17. gr.** [Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn:

- a. samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr.,
- b. athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíks athafna,
- c. aðstæðum sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni.

□ Aðgerðir samkeppnisráðs geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákvæðnu skilyrði. Aðgerðir geta m.a. falið í sér að samkeppnisráð grípi til ákvörðunar um verð og viðskiptakjör einstakra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa, enda verði að mati samkeppnisráðs ekki með öðru móti komið í veg fyrir skaðleg áhrif á samkeppni í viðkomandi grein].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 9. gr.

■ **18. gr.** [Telji samkeppnisráð að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða, eins eða fleiri fyrirtækja, verði til eða sílik staða styrkist getur ráðið ógilt sam-

runa sem þegar hefur átt sér stað. Samkeppnisráð getur einnig sett slíkum samruna skilyrði sem verður að uppfylla innan tilskilins tíma. Við mat á lögmaði samruna skal samkeppnisráð taka tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hefur áhrif á samkeppnisstöðu hins sameinaða fyrirtækis. Enn fremur skal við mat á lögmaði samruna taka tillit til þess hvort markaður er opinn eða aðgangur að honum er hindrardur.

□ Ákvæði 1. mgr. tekur einungis til samruna þar sem sam-eiginleg heildarvelta viðkomandi fyrirtækja er 1 milljarður kr. eða meira. Telja skal með veltu móður- og dótturfélaga, fyrirtækja innan sömu fyrirtækjasamstæðu og fyrirtækja sem aðilar samrunans hafa bein eða óbein yfirráð yfir. Þá skulu a.m.k. tvö af þeim fyrirtækjum sem aðild eiga að samrunanum hafa a.m.k. 50 millj. kr. ársveltu hvert um sig til að 1. mgr. taki til hans.

□ Tilkynna skal Samkeppnisstofnun um samruna sem fellur undir 1. mgr. eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekkinn aðili hafi náð yfirráðum í fyrirtæki. Frestur hefst þegar eitt af þessu hefur gerst. Í tilkynningunni skal veita upplýsingar um samrunann og um þau fyrirtæki sem honum tengjast. Samkeppnisráð setur reglur þar sem nánar eru tilgreindar þær upplýsingar sem fram verða að koma í tilkynningu, þar á meðal um markaði sem samruninn hefur áhrif á og um önnur nauðsynleg atriði við athugun á samkeppnislegum áhrifum hans.

□ Samkeppnisstofnun skal tilkynna viðkomandi fyrirtækjum innan þrjátíu daga ef hún telur ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Frestur þessi byrjar að líða þegar Samkeppnisstofnun berst tilkynning sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. og reglna sem settar eru samkvæmt ákvæðinu. Berist tilkynning frá Samkeppnisstofnun skv. 1. málsl. ekki innan tilskilins frests getur samkeppnisráð ekki ógilt samrunann. Ákvörðun um ógildingu skal taka eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynning skv. 1. málsl. hefur verið send viðkomandi fyrirtækjum.

□ Til þess að tryggja að hugsanleg ákvörðun skv. 1. mgr. nái að fullu fram að ganga getur samkeppnisráð gripið til íhlutunar í samruna til bráðabirgða. Íhlutun getur falist í banni til bráðabirgða gegn því að láta samruna koma til framkvæmda þar til endanleg niðurstaða samkeppnisfyrvalda á athugun á samrunanum liggur fyrir eða öðrum ráðstöfunum sem hafa sömu áhrif.

□ Ákvæði samkeppnisráð að ógilda samruna getur ráðið, samhliða ákvörðun á grundvelli 1. mgr. eða með sérstakri ákvörðun, mælt fyrir um að fyrirtæki eða eignir sem samein-áðar hafa verið verði aðskildar eða sameiginlegri stjórn hætt eða að gripið verði til annarra viðeigandi aðgerða til að skapa að nýju skilyrði fyrir virkri samkeppni].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 10. gr.

■ **19. gr.** Ef samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnavaldfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því álit. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjlöldiða eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.

**VI. kaffli. Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum.**

■ **20. gr.** Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahátti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

- [20. gr. a.] Samanburðarauglysingar eru allar þær auglysingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinautar eða vörum eða þjónustu sem keppinautur býður.
- Samanburðarauglysingar skulu, að því er samanburð varðar, leyfðar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:
- að þær séu ekki villandi,
  - að samanburðurinn taki til vörum eða þjónustu sem fullnægir sömu þörfum eða er ætluð til sömu nota,
  - að gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi, sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleika eða eiginleikum vörum eða þjónustu, að meðtoldu verði ef vill,
  - að á markaðnum verði ekki villst á auglysanda og keppinauti hans eða á vörumerkjum eða vörurheitum auglysanda og keppinautar, öðrum auðkennum, vörum eða þjónustutegundum,
  - að ekki sé kastað rýrð á vörumerki, vörurheiti, önnur auðkenni, vörum, þjónustu, starfsemi eða aðstæður keppinautar, eða þeim sýnd lítilsvírding,
  - að ef um er að ræða vörum með upprunatáknunum skuli í öllum tilvikum bera saman vörum með sömu táknum,
  - að ekki sé með ósanngjörnum hætti hagnýttur orðstír vörumerkis, vörurheitis eða annarra auðkenna keppinautar eða upprunatáknunar samkeppnisvörum,
  - að vara eða þjónustu sé ekki kynnt sem eftirlíking eða eftirgerð vörum eða þjónustu sem ber verndað vörumerki eða vörurheiti.
- Sé getið um sértílboð í samanburði skal tiltaka skýrt og ótvírað á hvaða degi sértílboðinu ljúki eða, þar sem við á, að sértílboðið sé háð framboði á vörumni eða þjónustunni og, hafi sértílboðið enn ekki tekið gildi, á hvaða degi byrjað verði að bjóða sérstakt verð eða önnur sérkjör.]<sup>1)</sup>
- <sup>1)</sup> L. 107/2000, 11. gr.
- [21. gr.] Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglysingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slískum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.
- Auglysingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírkotað er til óviðkomandi mála.
- [22. gr.] Auglysingar, sem höfða eiga til íslenskra neytena, skulu vera á íslenskri tungu.
- Auglysingar skulu þannig úr garði gerðar að ekki leiki vafí að um auglysingar sé að ræða. Skulu þær skýrt aðgreindar frá öðru efni fjöldiðla.
- Auglysingar skulu miðast við að börn sjáí þær og heyri og mega þær á engan hátt misbjóða þeim.
- Í auglysingum verður að sýna sérstaka varkármni vegna trúgírni barna og unglings og áhrifa á þau.
- Komi börn fram í auglysingum skal þess gætt að sýna hvorki né lýsa hættulegu atferli eða atvikum er leitt geti til þess að þau eða önnur börn komist í hættu eða geri það sem óheimilt er.
- [23. gr.] Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vörum eða öðru getur stafad og ber þá að veita fullnægjandi [skriflegar]<sup>1)</sup> leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu. [Leiðbeiningarnar skulu vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli, öðru en finnsku, og miðaðar við tegund og gerð viðkomandi vörum, þjónustu eða annars þess sem í té er látið.]<sup>1)</sup>
- [Almennir skilmálar þjónustuaðila, sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi, skulu vera á íslensku.]<sup>2)</sup>
- <sup>1)</sup> L. 107/2000, 12. gr. <sup>2)</sup> L. 24/1994, 3. gr.
- [24. gr.] Yfirlýsingum um ábyrgð má því aðeins gefa að ábyrgðaryfirlýsingin veiti viðtakanda meiri rétt en hann hefur samkvæmt gildandi lögum.
- [25. gr.] Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerk eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.
- [26. gr.] Í atvinnustarfsemi er óheimilt að hafa áhrif á starfsmann annars aðila eða þann sem kemur fram á hans vegum með gjöfum eða öðrum hlunnindum eða loforðum um slíkt sé það gert án vitundar hins síðastnefnda og í þeim tilgangi að afla gefandanum eða öðrum forréttinda í viðskiptum eða hlunninda fram yfir aðra, enda sé gjöfin eða hlunnindin fallin til þess.
- Nú eru gjafir gefnar eða hlunnindi veitt eftir að brotið hefur verið gegn starfsskyldum á þann hátt sem greinir í 1. mgr. og eiga þá ákvæði 1. mgr. við ef telja verður ávinninginn óhæfilega umbun.
- [27. gr.] Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótihlyðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.
- Sá sem fengið hefur vitneskjum um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.
- Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúuð fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.
- Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmál verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.-3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.
- [28. gr.] Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.
- Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörurnar var.
- [29. gr.] Óheimilt er að selja eða hafa á boðstólum vörur sem merktar eru sjálfar eða á miða eða umbúðir eða með tilsvarandi heitum, alþjóðamerki hjúkrunar- og mannúdarstarfsemi eða öðrum hliðstæðum auðkennum, svo og að nota slík merki, auðkenni eða nöfn í heimildarleysi á auglysingspjöldum, auglysingum, reikningum, vöruskráum eða öðrum verslunarskjölum.
- Við framboð vörum, þjónustu eða annars þess sem í té er látið og lög þessi taka til er óheimilt að nota [íslenska rík-

isskjaldarmerkið, þá er óheimilt að nota í heimildarleysi]<sup>1)</sup> íslensk byggðamerki, svo og erlend ríkis- eða byggðamerki.

□ ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/1998, 14. gr.

■ **30. gr.** Samkeppnisráð getur sett nánari reglur<sup>1)</sup> til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar séu villandi eða óhæfilegar gagnvart neytendum svo og almennar reglur um beitingu 20.-23. gr. Samkeppnisstofnun skal eftir því sem kostur er ráðgast við hlutteigandi aðila eða samtök þeirra áður en slíkar reglur eru settar.

□ [Samkeppnisráð getur gripið til aðgerða gegn athöfnum sem brjóta í bága við ákvæði 20., 20. gr. a, 21. og 22. gr. laga þessara. Aðgerðir samkeppnisráðs geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Augl. 559/1994 og rg. 21/1995. <sup>2)</sup> L. 107/2000, 13. gr.

## VII. kaffi. Eftirlit með gagnsæi markaðarins.

■ **31. gr.** Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neyenda, skal merkja vörum sína og þjónustu með söluverði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðveldt sé fyrir neytendur að sjá það. Samkeppnisstofnun getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 577/1994, rg. 580/1994, rg. 512/1996, rg. 580/1998, rgl. 184/2000, rgl. 405/2001.

■ **32. gr.** Samkeppnisstofnun getur gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokuð. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 522/1995, rg. 512/1996, rg. 309/1998, rg. 719/1998, rgl. 184/2000, rgl. 405/2001.

■ **33. gr.** Við framkvæmd þessara laga getur Samkeppnisstofnun birt opinberlega upplýsingar um samninga, skilmála og athafnir sem hafa eða er ætlað að hafa þau áhrif að hamla samkeppni.

□ Tillit skal þó tekið til réttmætra hagsmunu fyrirtækja til að halda leyndum viðskiptalegum og tæknilegum upplýsingum.

■ **34. gr.** Í því skyni að stuðla að og efla virka samkeppni aflar Samkeppnisstofnun upplýsinga um verð, verðmyndun og önnur viðskiptakjör og birtin niðurstöður, eftir því sem ástæða þykir til. Samkeppnisráð skal setja Samkeppnisstofnun verklagsreglur um öflun slíkra upplýsinga, meðferð þeirra og birtingu.

## VIII. kaffi. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 14. gr.

## IX. kaffi. Verðstöðvun.

■ **38. gr.** Ef neyðarástand skapast af óvæntum eða utanaðkomandi aðstæðum, svo sem vegna náttúruhamfara, styrjaldarástands eða óvenjulegra verðsveiflna á innlendum og erlendum mörkuðum, getur ríkisstjórnin ákveðið verðstöðvun, hámarksverð og hámarksálagningu eða aðrar reglur um verðlagningu og viðskiptakjör. Samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun skulu annast eftirlit með framkvæmd slíkra ákvárdana.

□ Aðgerðir skv. 1. mgr. geta staðið allt að þrjá mánuði.

## X. kaffi. Upplýsingaskylda.

■ **39. gr.** Samkeppnisstofnun getur krafíð einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja, sem lög þessi taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða

skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

□ Samkeppnisstofnun getur með sömu skilyrðum og í 1. mgr. krafist þess að fá gögn afhent til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

□ Samkeppnisstofnun getur í starfi sínu krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal frá skattfyrvöldum og tolfyfyrvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

□ Samkeppnisstofnun getur einnig lagt skyldu á þá aðila sem um getur í 1. mgr., að upplýsa stofnunina reglulega um atriði sem máli skipta við framkvæmd laga þessara. Samkeppnisstofnun getur gefið slík fyrirmæli með opinberri tilkynningu.

■ **40. gr.** Samkeppnisstofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað fyrirtækis og lagt halt á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum þessum eða ákvörðunum samkeppnisfyrvalda.

□ Við framkvæmd aðgerða skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og halt á munum.

## XI. kaffi. Um framkvæmd samkeppnisreglna o.fl. samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

■ **41. gr.** Skylt er þeim sem um er beðinn að veita eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og dómstóli EFTA þær upplýsingar sem þessum stofnunum er nauðsynlegt að afla sér til að unnt sé að framkvæma samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og samning EFTA-ríkja um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar samkeppnismál. Sama gildir um framkvæmd fyrirmæla sem gefin eru með heimild í 48. gr.

□ Samkeppnisstofnun getur krafist sömu upplýsinga og um getur í 1. mgr. og getur hún sett skilafrest í því sambandi.

■ **42. gr.** Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hjá íslenskum aðilum á sama hátt og Samkeppnisstofnun enda sé fylgt þeim starfsreglum sem settar eru í bókun 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA um störf og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni.

□ Fulltrúum eftirlitsstofnunar EFTA og fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, er heimilt að vera viðstaddir og taka þátt í vettvangsrannsóknum sem Samkeppnisstofnun framkvæmir innan þeirra marka sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og fylgisamningar hans setja. Sama gildir um rétt fulltrúa Samkeppnisstofnunar og framkvæmdastjórnar EB þegar eftirlitsstofnun EFTA framkvæmir vettvangsrannsóknir hér á landi.

□ Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA og Samkeppnisstofnunar þess efnis að vettvangsrannsókn skuli fara fram má fullnægja með aðfarargerð.

■ **43. gr.** Lögmælt þagnarskylda íslenskra yfirvalda skal ekki vera því til fyrirstöðu að þau gefi eftirlitsstofnun EFTA eða fulltrúum framkvæmdastjórnar EB, sem fjalla um samkeppnismál, allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

■ **44. gr.** Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólnum er heimilt að leggja sektir á fyrirtæki, samtök fyrirtækja eða einstaklinga fyrir brot af ásetningi eða gáleysi á 53., 54. eða 57. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, svo og á ákvæðum bókunar 4 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls eða á reglum sem settar eru með heimild í 48. gr. þessara laga.

- Sama gildir um framkvæmdastjórn EB og dómstól EB í þeim tilvikum sem þessir aðilar fara með lögsögu máls samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.
- Sömu aðilar geta einnig lagt á févítí til að tryggja að far ið verði eftir ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samkeppnisreglnanna, sbr. ákvæði 1. mgr.
- Ákværðanir um sektir og févítí samkvæmt framanskráðu eru aðfararhæfar.
- **45. gr.** Ákvæði í 1.–3. gr. í bókun 25 við EES-samninginn um samkeppni varðandi verslun með kol og stál skulu hafa lagagildi hér á landi.
- **46. gr.** Hafi ríkisaðstoð, sem 61. gr. EES-samningsins tekur til, verið tilkynnt eftirlitsstofnun EFTA geta íslensk stjórnvöld ekki úrskurðað um það hvort aðstoðin sé í samræmi við leyfilegan opinberan fjárhagsstuðning fyrir en eftirlitsstofnun EFTA hefur tilkynnt um álit sitt á málinu. Sama gildir um fjárhagsaðstoð úr sveitarsjóði sem fallið getur undir 61. gr. samningsins.
- **47. gr.** Sveitarfélag, sem hyggst veita fyrirtæki aðstoð af því tagi sem um getur í 61. gr. EES-samningsins, skal tilkynna Samkeppnisstofnun um hina fyrirhuguðu aðstoð.
- Telji eftirlitsstofnun EFTA að aðstoð, sem sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að veita, brjóti gegn 61. gr. EES-samningsins skal Samkeppnisstofnun tilkynna það sveitarstjórn. Samkeppnisráð getur fylgt eftir framkvæmd slíks úrskurðar með álagningu févítis, sbr. 3. mgr. 44. gr.
- Verði að afturkalla ákvörðun um ríkisaðstoð eða annan fjárhagsstuðning úr opinberum sjóðum vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið skapar það sveitarfélagi eða ríkissjóði ekki skaðabótaskyldu gagnvart þeim sem ákvörðun beinist að eða telja sig að öðru leyti bíða tjón af afturkölluninni.
- **48. gr.** Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn samkeppnisráðs að setja reglugerð um nánari framkvæmd samkeppnisreglna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Ráðherra er einnig heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð til aðila hér á landi.<sup>1)</sup>
- <sup>1)</sup> Rg. 593/1993, sbr. 338/1996, 358/1998, 245/1999, 584/2000, 585/2000 og 282/2001. Rg. 594/1993, sbr. 375/1994, 338/1995, 600/1995, 226/1996, 564/1996, 683/1997, 755/1997, 349/1998, 881/1999, 283/2001 og 284/2001. Rg. 229/1997. Rg. 230/1997.
- XII. kafli. Almenn ákvæði.**
- **49. gr.** Samningar, sem brjóta í bága við bannákvæði laga þessara, eru ógildir.
- Samningsákvæði, sem teljast hafa efnislegt og efnanlegt sjálfstæði frá þeim ákvæðum sem brutu í bága við bannákvæði laga þessara, teljast þó gild. Ágreiningi varðandi þetta atriði má skjóta til samkeppnisráðs innan mánaðar frá því að samningur var ógiltur skv. 1. mgr.
- **50. gr.** Þeim sem starfa af hálfu stjórnvalda að framkvæmd laga þessara er óheimilt að skýra frá þeim atriðum sem þeir verða áskynja um í starfi sínu og leynt eiga að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- ...<sup>1)</sup>
- <sup>1)</sup> L. 24/1994, 4. gr.
- **50. gr. a.** Samkeppnisstofnun er heimilt að afhenda samkeppnisfyrvöldum annarra ríkja upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við framkvæmd á íslenskum eða erlendum samkeppnislögum í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt milliríkjjasamningum.
- Við afhendingu upplýsinga og gagna til yfirvalda sem nefnd eru í 1. mgr. skal Samkeppnisstofnun setja sem skilyrði að:
- a. farið verði með upplýsingarnar og gögnin sem trúnaðarmál hjá þeim sem við þeim tekur,
  - b. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins nota í því skyni sem kveðið er á um í viðkomandi milliríkjjasamningi og
  - c. upplýsingarnar og gögnin megi aðeins afhenda öðrum með samþykki Samkeppnisstofnunar og í þeim tilgangi sem samþykkið kveður á um.
- Viðskiptaráðherra getur sett nánari reglur um afhendingu Samkeppnisstofnunar á gögnum og upplýsingum til yfirvalda og stofnana skv. 1. mgr.]<sup>1)</sup>
- <sup>1)</sup> L. 107/2000, 15. gr.
- XIII. kafli. Viðurlög.**
- **51. gr.** [Samkeppnisráð getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum skv. 2. mgr. 30. gr., ákvæðum 31. og 32. gr. eða reglum eða fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Sektir geta numið allt að 10 millj. kr.]<sup>1)</sup>
- <sup>1)</sup> L. 107/2000, 16. gr.
- **52. gr.** Samkeppnisráð [leggur]<sup>1)</sup> stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta gegn bannákvæðum laga þessara eða ákvörðunum sem tekna hafa verið samkvæmt þeim, sbr. IV. og V. kafla laga þessara, nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástaðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Við ákvörðun sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi samkeppnishamlna og hvað þær hafa staðið lengi. Sektirnar renna til ríkissjóðs.
- [Sektir geta numið frá 50 þús. kr. til 40 millj. kr. eða meira, en sektin skal þó ekki vera hærri en sem nemur 10% af veltu síðasta almanaksárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að samkeppnishömlunum. Við ákvörðun fjárhæðar sektar getur samkeppnisráð m.a. haft hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega fyrirtækis.]<sup>1)</sup>
- Ákvörðun samkeppnisráðs um sektir má skjóta til áfrýjunarfndar samkeppnismála.
- <sup>1)</sup> L. 107/2000, 17. gr.
- **53. gr.** Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur samkeppnisráð ákvæðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.
- **54. gr.** Ákvörðun um dagsektir má skjóta til áfrýjunarfndar samkeppnismála innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim er hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrr en frestur er liðinn. Ef ákvörðun er skotið til áfrýjunarfndar falla dagsektir ekki á fyrr en niðurstaða hennar liggr fyrir.
- **55. gr.** Ákvörðun samkeppnisráðs eða Samkeppnisstofnunar verður ekki borin undir dómstóla fyrr en úrskurður áfrýjunarfndar liggr fyrir.
- **56. gr.** Nú vill aðili ekki una úrskurði áfrýjunarfndar og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hans fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um ákvörðun áfrýjunarfndar. Máls höfðun frestar ekki gildistóku úrskurðar nefndarinnar né heimild til aðfarar samkvæmt honum.
- **57. gr.** Brot gegn lögum þessum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varða féséktum [eða fangelsi allt að tveimur árum en]<sup>1)</sup> fangelsi allt að fjórum árum ef sakir eru miklar. Dæma má svíptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og fésékt jafnframt [fangelsi]<sup>1)</sup> ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.

□ Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skyrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.

□ Sektur samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmáður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drygt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmáður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.

□ Dæma má sviptingu réttinda skv. 68. gr. almennra hegningarlaga og upptöku eigna skv. 69. gr. sömu laga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 205. gr.

■ **58. gr.** Ákvarðanir Samkeppnisstofnunar og samkeppnisráðs um að leggja stjórnvaldssektir eða dagsektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja ...<sup>1)</sup> eða mæla fyrir um ógildingu á samruna fyrirtækja, sbr. 18. gr., eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður.

□ Málskot til áfrýjunarnefndar samkeppnismála frestar aðför en úrskurðir nefndarinnar eru aðfararhæfir.

□ Við aðför samkvæmt ákvörðunum Samkeppnisstofnunar, samkeppnisráðs eða áfrýjunarnefndar skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð fara skv. 13. kafla aðfararlagra.

<sup>1)</sup> L. 107/2000, 18. gr.

#### XIV. kafli. Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.

■ **59. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1993, nema XI. kafli laganna sem öðlast gildi um leið og samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. . . .

#### Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I. . .**

□ Ákvæði um tímabundna ráðningu forstjóra Samkeppnisstofnunar skv. 2. mgr. 8. gr. gildir ekki um ráðningu þess einstaklings sem skipaður er í starf verðlagsstjóra við gildistöku laga þessara og tekur hann við starfi forstjóra Samkeppnisstofnunar ef hann svo kýs.

□ Um leið og lög þessi ganga í gildi haettir störfum það verðlagsráð sem skipað var af viðskiptaráðherra 1. nóvember 1991. Þær ákvarðanir verðlagsráðs, sem í gildi eru þegar lög þessi koma til framkvæmda, skulu þó gilda áfram þar til samkeppnisráð ákvæður annað.

■ **II. . .**